# Aðalskipulag Sveitarfélagsins Hornafjarðar 2012-2030

## Efnistökusvæði í Hornafjarðarósi

Sveitarfélagið Hornafjörður




GILDANDI AÐALSKIPULAGSUPPDRÁTTUR 1:10.000




BREYTTUR AÐALSKIPULAGSUPPDRÁTTUR 1:10.000




AÐALSKIPULAG Sveitarfélagsins Hornafjarðar 2012-2030

*Skýringar*

- Efnistöku og efnislosunarsvæði [E]
- Opin svæði [OP]
- Flugvellir [FV]
- Hafnir [H]
- Vötn, ár og sjór [V]
- Sérstök not haf- og vatnssvæða [SN]
- Vatnsból [VB]
- Strandsvæði [ST]
- Varnar- og öryggissvæði [VÖ]
- Önnur náttúruvernd [ÖN] númver vísar til skráningar
- Flugbraut hindrunarfletir

## GREINARGERÐ

Sveitarstjórn Sveitarfélagsins Hornafjarðar leggur til að breyting verði gerð á gildandi aðalskipulagi sem felur í sér að nýtt efnistökusvæði er skilgreint í Hornafjarðarósi.

Markmið breytingarinnar er nýta hluta þess efnis sem fellur til við dýpkun innsiglingarinnar, allt að 10.000 m³, til útflutnings.

Gerð er breyting á þéttbýlisuppdrætti Höfn/Nesjahverfi og greinargerð aðalskipulagsins.

Á aðalskipulagsuppdrætti er gerð sú breyting að bætt er inn hringtákni fyrir efnistökusvæði í ósi Hornafjarðar. Efnistökusvæðið fær númerið E87.

Í greinargerð bætist við lína í kafla 20.0 Efnistöku- og efnislösunarsvæði á Höfn:

| E nr. | Staðsetning | Stærð/flokkur |
|---|---|---|
| E 87 | Hornafjarðarós – efnistökusvæði við innsiglingu | 2 |

Stærðarflokkar efnistökustaða eru flokkaðir í 5 flokka. Flokkur 2 er fyrir svæði þar sem heimilt er að taka 0-10.000 m³ af efni. Hægt er að veita framkvæmdarleyfi byggt á stefnumörkun aðalskipulagsins, ef náma er í samræmi við lýsingu aðalskipulags og raskar ekki jarðmyndunum sem njóta verndar.

Hafa skal samráð við Siglingasvið Vegagerðarinnar og hafnaryfirvöld á Höfn áður en framkvæmdaleyfi er veitt.

Flatarmál efnistökusvæðisins er allt að 25.000 m².

## UMHVERFISSKÝRSLA

Framkvæmdin sem fyrirhuguð er á svæðinu fellur undir C flokk í 1. viðauka laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106 / 2000 n.t.t. tölulið 2.04 „Efnistaka og/eða haugsetning á landi eða úr hafsbotni þar sem áætlað er að raska minna en 25.000 m² svæði eða efnismagn er minna en 50.000 m³."

| VALKOSTIR | NÚLLKOSTUR – ÓBREYTT ÁSTAND | VALINN KOSTUR – EFNISTÖKUSVÆÐI Í HORNARFJARÐARÓSI |
|---|---|---|
| **Samfélag** | Neikvæð áhrif – sandburður torveldar innsiglingu í Hafnarfjarðarós. | Jákvæð áhrif – Með framkvæmdinni er dælt upp sandi sem þarf að fjarlægja til að tryggja siglingar inn Hornafjarðarós og honum breytt í útflutningsvöru sem skapar tekjur og atvinnu í sveitarfélaginu. |

Jákvæð áhrif · Neikvæð áhrif · Óveruleg áhrif · Óviss áhrif

## SAMÞYKKTIR

Aðalskipulagsbreyting þessi sem auglýst hefur verið samkvæmt 2. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123 / 2010 var samþykkt í skipulagsnefnd:

þann 04.03 2021

Bæjarstjórn:

þann 10.03 2021

(undirskrift)

Aðalskipulagsbreyting þessi var staðfest af Skipulagsstofnun

í samræmi við 32.gr. skipulagslaga nr.123/2010

þann 09.11.2022

[signature] [stamp: Skipulagsstofnun]

EFLA

Aðalskipulag Sveitarfélagsins Hornafjarðar 2012-2030
Efnistökusvæði í Hornarfjarðarósi
Breyting á aðalskipulagi

| VERK: | BLAÐSTÆRÐ: | UNNIÐ: | RÝNT: |
|---|---|---|---|
| 2525-020 | A2 | AB | ÁJ |
| MÆLIKVARÐI: | DAGS: | DAGS.BREYT: | |
| 1:10.000 | 08.03.2020 | --- | |

SAMÞYKKT: Sigurjón Andrésson [stamp: Bæjarstjóri Hornafjarðar]